

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 463/1988 um Atvinnuþryggingasjóð
útflutningsgreina, sbr. reglugerð nr. 505/1988 og nr. 471/1989.

1. gr.
3. málslíður 7. gr. falli brott.
2. gr.
4. málsgrein 8. gr. falli brott.
3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 12. gr. laga nr. 9 2. mars 1989 um efnahagsaðgerðir öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 1. október 1990.

Steingrímur Hermannsson.

Helga Jónsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Siglufjarðar nr. 148
frá 18. mars 1982 með síðari breytingum.

1. gr.
3. gr. orðist svo:

Af öllum fasteignum sem skattskyldar eru samkvæmt 1. grein skal greiða vatnsskatt sem nema má 0,5% af heildarfasteignamati eignarinnar samkvæmt nánari ákvörðun veitunefndar og/eða bæjarstjórnar.

Lágmarksvatnsskattur má þó vera kr. 6 000 og er það einnig lágmarksgjald vegna nýtingar vatnslinda úr landi bæjarins, sbr. 3. grein reglugerðar fyrir Vatnsveitu Siglufjarðar.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er samkvæmt 2. grein, skal vera kr. 30 á hvern m³ vatns samkvæmt mældri notkun, en samkvæmt áætlaðri notkun sem hér segir:

 - a) Fyrir þvottaplön sem rekin eru til þvotta á bifreiðum, t.d. í sambandi við eldsneytissölur, skal greiða kr. 70 000 á ári fyrir vatnsnotkun.
 - b) Fyrir vatnsnotkun í steypu til mannvirkjagerðar og iðnaðar skal greiða kr. 16 fyrir hver 100 kg sementsnotkun.
 - c) Fyrir vatnsnotkun til bræðslu síldar, loðnu eða annars bræðslufisks skal greiða kr. 35 fyrir hvert landað tonn.
 - d) Fyrir vatnsnotkun við fiskverkun skal greiða kr. 30 fyrir hvert tonn af innvegnum fiski.
 - e) Fyrir vatn til skipa skal greiða sem hér segir:

Til fiskiskipa kr. 90 fyrir hvern m³ eða hluta þess magns og skal lágmarksgjald vera kr. 900.

Til annarra skipa kr. 120 fyrir hvern m³ og skal lágmarksgjald vera kr. 1 200.

Heimilt er að leggja á sérstakt afgreiðslugjald ef óskað er eftir að fá vatn afgreitt til skipa utan venjulegs dagvinnutíma. Vatn til skipa skal staðgreiða nema um annað hafi verið samið fyrirfram. Skip sem fengið hefur vatn afhent má ekki að viðlögðum sektum fara úr höfn fyrr en vatnið er greitt eða um greiðslu hefur verið samið.